

séð neinn mun á kaftin Randolph og Shirley lávarði".

"Þykir honum vænt um, að vera orðinn lávarður?"

Caren hló. "Það veit ég ekki, mér finnst hann vera allveg sá sami og áður. Hann spurði strax eftir þér. Ég fer að verða aðbrýðissamur, Aðalheiður".

"Þú hefir svo mikla ástæðu til þess, sagði hún hlæjandi. "En, Allan, taktu nú eftir því, sem ég segi: Hann verður að giftast Alisu. Die og ég höfum fastlega ásett okkur að koma því til leiðar".

"Það sýnir að eins hve heimtufrekar þið eruð. Hvað á ég að gera? Ég get þó ekki þvingað "Beauty", ég meina lávarð Shirley, til að eiga hana"

"Hér er ekki að tala um meina þvingun. Þú veist, Allan, að Alisa elskar hann — og honum þykir vænt um hana líka. Þar að auki hefir hann þekkt hana um langan tíma. Alt, sem þú þarft að gera, er að gefa honum gott ráð, ef hann spyr þig ráða".

"Ég held að allar konur hafi meðfædda löngun til þess, að koma fólki í hjónaband", sagði hann hlæjandi.

"Það getur komið af því, að giftar konur eru svo ánægðar, og vilja að allar aðrar konur verði jafn hamingjusamar".

Hann kysti hana fyrir þessi orð".

"Þarna kemur maður", sagði hann. — Hún stóð fyrir utan gluggann.

"Allan", sagði hún, "alt af sést það betur og betur, hve vænt þér þykir um konu þína".

"Ég sé ekki, hvernig ég fæ varið tímanum letur", svaraði hann. "Komdu, drengur!" Hann rétti handleggina út um gluggann og tók á móti syni sínum, fallegum og hraustum dreng, með augu